



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 11. desember 2018  
VEL2018110019  
7.2

Ráðhús Reykjavíkur  
borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 REYKJAVÍK

Málsnr.: R18110145  
Skjalasafn Ráðhúss  
13. des. 2018  
Bréfalykill: 2131

***Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa  
Sósíalístaflakks Íslands og Flakks fólksins um framtíðarnýtingu á Víðinesi - R18110145***

Á fundi borgarráðs 15. nóvember 2018, komu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflakks Íslands og áheyrnarfulltrúi Flakks fólksins með svohljóðandi fyrirspurn:


„Hvaða áform eru uppi varðandi notkun á húsnæðinu í Víðinesi í framtíðinni?“

**Svar:**

Á fundi velferðarráðs þann 10. ágúst 2018 var samþykkt að setja á laggirnar stýrihóp undir forystu formanns velferðarráðs til að undirbúa stefnumótun í málefnum heimilislausra einstaklinga. Markmiðið með stofnun stýrihópsins er að móta heildstæða stefnu um þá þjónustu sem velferðarsvið veitir þeim hópi sem hefur verið skilgreindur utangarðs í samfélaginu. Um er að ræða fjölbreyttan hóp fólks en flestir eiga við vímuefna og/eða geðrænan vanda að stríða. Stefnunni er ætlað að vera leiðarljós í faglegu starfi og felur í sér sameiginlegar skilgreiningar á hugtökum, greiningu á stöðu hópsins í dag og þróun, öflun upplýsinga um þjónustu við þennan hóp á norðurlöndum og víðar, forgangsröðun á verkefnum og áfangaskipta aðgerðaáætlun. Í framhaldinu skipaði sviðsstjóri velferðarsviðs starfshóp um nýtingu húsnæðis í Víðinesi. Verkefni hópsins var að leggja mat á þær hugmyndir sem höfðu komið fram um Víðines, meðal annars að þar verði starfrækt áfangahæimili og leggja fyrir stýrihópinn. Starfshópurinn er enn að störfum og vinnur þessa dagana að lokaútfærslu á niðurstöðum. Áætluð skýrsluskil eru nú í desember.

Starfshópurinn er með hugmyndir um að nýta húsnæði Víðiness sem áfangahæimili fyrir einstaklinga sem hafa lokið áfengis- og vímuefna meðferð, í samstarfi við þriðja aðila. Einnig hafa verið ræddar hugmyndir um að bjóða einstaklingum búsetu sem hafa búið við langvarandi heimilisleysi og hafa átt við áfengis- og vímuefnavanda en hafa náð tókum á vanda sínum.

Virðingarfyllt

  
Ragnína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri